

Aðaleinkunn skal reikna út eftir hlutfalli kennslustundafjölda í kennslugreinum. Kennarar skólans skulu gefa nemendum einkunnir í lok hvers áfanga, hver í sinni grein. Nefnast þær áfangaeinkunnir og eru dómur um kunnáttu nemanda, framfarir og afköst.

Ráðuneytið setur reglur um ástundun og þar tilheyrandi einkunnagjöf.

3. gr.

Heimilt er að fjölbrautaskóli gegni sama hlutverki og iðnskóli samkvæmt reglugerð þessari hafi menntamálaráðuneytið heimilað honum að annast iðnfræðslu.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 68 11. maí 1966 með síðari breytingum um iðnfræðslu og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu 16. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

1. gr.

Slysavarnafélag Íslands fer með yfirstjórn tilkynningarskyldu íslenskra skipa og rekstur eftirlitsmiðstöðvar í Reykjavík, hvoru tveggja í umboði og ábyrgð samgönguráðherra.

2. gr.

Tilkynna skal för sérhvers íslensks skips, sem búið er talstöð, úr höfn, svo og komu þess til hafnar.

Sé skip utan hafnar skal greint frá staðsetningu þess, svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á sólarhring. Eftirlitsmiðstöð tekur í samráði við Póst- og símamálastofnunina ákvörðun um hvenær og hve oft senda skuli slíkar tilkynningar.

Varðskip eru undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar.

Um skip og báta, sem eigi eru búnir talstöðvum gilda sérstakar reglur.

3. gr.

Hafsvæðinu í kringum landið skal skipt í sérstaka tilkynningarreiti og þeir markaðir á kort. Ákvörðun um stærð reitanna, svo og útgáfu og dreifing slíkra reitakorta er í höndum eftirlitsmiðstöðvar. Umrædd kort verða afhent án endurgjalds.

4. gr.

Tilkynningum samkvæmt 2. gr. skal komið til næstu strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunar beint eða um aðra sjófarstöð ef beint samband næst ekki.

Efni tilkynninganna skal vera sem hér segir:

Við brottför: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, brottfararstaður, tími og fyrirhuguð sigling.

Után hafnar: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, reitnúmer, stefna og tími. Sé reitakort ekki fyrir hendi skal gefa staðarákvörðun í breidd og lengd.

Við komu í höfn: Skipsheiti, kallmerki eða skipaskrárnúmer, komustaður og tími.

5. gr.

Vegna móttöku og áframsendingar tilkynninga greiða eigendur skipa þeirra og báta, sem undir reglugerðina falla gjald til Póst- og símamálastofnunar.

Gjald þetta skal birt í gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu, og miðist það við stærð skips.

Ef kostnaður Póst- og símamálastofnunar vegna tilkynningarskyldunnar, þ. m. talinn kostnaður sem leiðir af 7. gr. laganna, verður umfram tekjur af gjaldi þessu þá greiðist hann úr ríkissjóði.

6. gr.

Í Reykjavík skal starfrækja eftirlitsmiðstöð, sem tekur á móti og safnar saman tilkynningum er berast frá strandarstöðvum.

Hlutverk eftirlitsmiðstöðvar er með aðstoð tilkynninganna að hafa sem gleggsta yfirsýn yfir staðsetningu allra íslenskra skipa, og fylgjast með því að engar skyldu-tilkynningar vanti.

Telji eftirlitsmiðstöðin að ástæða sé til eftirgrenslunar, leitar eða björgunar, skal hún þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir og hafa um þær samráð við alla þá aðila er aðstoð geta veitt við eftirgrenslan, leit eða björgun.

7. gr.

Allur kostnaður við eftirlitsmiðstöðina, þar með talinn fjarskiptakostnaður, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 13. maí 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 154 24. maí 1968 um sama efni og reglugerð nr. 194 10. júní 1969 um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 8. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

um stjórn Neskaupstaðar.

I. KAFLI.

Skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.